

Nd.

1281. Breytingartillaga

[493. mál]

við frv. til l. um sparisjóði.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Á eftir 37. gr. komi ný grein svohljóðandi:

Heildarskuldbindingar eins viðskiptaaðila við sparisjóð mega ekki nema meira en 35% af bókfærðu eigin fé sparisjóðsins. Sama gildir um heildarskuldbindingar fleiri en eins viðskiptaaðila sem eru svo fjárhagslega tengdir að með tilliti til útlánaáhattu verði að líta á skuldbindingar gagnvart sparisjóðnum í einu lagi.

Til heildarskuldbindinga skal undantekningarlaust telja allar skuldbindingar viðskiptaaðila við sparisjóðinn, þ. m. t. ábyrgðir sem sparisjóðurinn hefur gengið í fyrir viðskiptaaðila. Sé skuldarheimild önnur en bókfærð skuldbinding skal á hverjum tíma telja þá upphæð sem hærri er.

Með samþykki stjórnar sparisjóðsins í hverju einstöku tilviki mega heildarskuldbindingar viðskiptaaðila skv. ákvæði 1.—2. mgr. nema hæst 50% af eigin fé. Slík ákvörðun skal tilkynnt bankaeftirlitinu þegar í stað.